



HRUNAMANNAHREPPUR

2. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 7. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN ÞRIÐJUDAGINN 3. ÁGÚST 2010
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2010, þann 3. ágúst kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og bauð nýráðinn sveitarstjóra velkominn til starfa Jafnframt óskaði hann eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að fá að taka fyrir mál varðandi endurbætur við Helgaskála og kjör skoðunarmanna sveitarfélagsins. Hreppsnefnd samþykkir að leggja þessi erindi fram.

Dagskrá fundarins

Erindi til hreppsnefndar:

1. Ráðningarsamningur sveitarstjóra.
2. Rafrænt fundarboð og fundargögn til sveitarstjórnar.
3. Tölvur til sveitarstjórnarmanna.
4. Breytingar á samþykktum sveitarfélagsins: Seinni umræða.
5. Kjör í kjörstjórn.
6. Friðlýsing Þjorsárvera: Val í vinnuhóp.
7. Skólahreysti: Beiðni um styrk.
8. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttir: Beiðni um styrk.
9. MAST: Ákvörðun um tilhögun og samræmingu á smalamennsku og slátrun fjár sem smithætta stafar af.
10. Tónsmiðja Suðurlands. Beiðni samstarfssamning.
11. Umferðaröryggismál á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

12. Veitustjórn: 1. fundur stjórnar frá 6. júlí s.l.
13. Landbúnaðarnefnd: 1. fundur nefndar frá 21. júlí s.l.
14. Umhverfis- og samgöngunefnd: 17. fundur nefndar frá 10. maí s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.

15. Félagsþjónusta: 126. fundur félagsmálanefndar frá 8. júní s.l.
16. Ársskýrsla Félagsþjónustunnar 2009.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 127. stjórnarfundar 2. júní s.l.
- b. SASS: Fundargerð 434 stjórnarfundar 25. júní sl.
- c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 191. stjórnarfundar 29. júní s.l.
- d. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 293. stjórnarfundar 7. júlí s.l.

Kynningarmál:

- e. Greinargerð frá Ísor: Borun hitastigulsholna í Bryðjuholti og Högnastöðum.
- f. Upplýsingar um álagningargrunn fasteignargjald vegna ársins 2011.
- g. Upplýsingar um samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um fjárhagslegar forsendur fyrir flutningi málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.
- h. Skipulagsstofnun: Athugasemdir vegna breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps.
- i. Umhverfisráðuneytið: Staða verkefnis um skilgreiningu á vegum innan miðhálandisvegum og aðgerðaráætlun umhverfisráðherra gegn utanvegsakstri.
- j. Umhverfisstofnun: Viðmiðunartaxtar vegna refa- og minkaveiði frá 1. sept. 2009 -31. ágúst 2010.
- k. Jöfnunarsjóður: Upplýsingar um endurgreiðslu á hluta tryggingagjalds.
- l. Afgreiðsla Skipulags- og byggingarfulltrúa á beiðni um endurbyggingu Hrunaréttar.

- m. Bréf frá Velferðarvaktinni.
- n. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 85. Fundar fulltrúaráðs 14. júlí. s.l.
- o. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 775. stjórnarfundar 25. júní sl.
- p. Grunnur. Fundargerð Grunns (félags stjórnenda á skólaskrifstofum) 6.-7. maí.s.l.
- q. Upplýsingar um ágóðahlut EBÍ.

Fundir framundan:

- r. Landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri 29.sept.-1. okt. nk.
- s. Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga 10-11.sept. nk.
- t. Námskeið um lýðræði í sveitarfélögum 6. sept. nk.
- u. Ársþing SASS 13.-14. sept. nk.

Skýrsla á skrifstofu:

- 1. Ársskýrsla Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur 2008 og 2009.
- 2. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur: Alþjóðleg miðstöð tungumála.

Genqið til dagskrár

Erindi til hreppsnefndar:

- 1. **Ráðningarsamningur sveitarstjóra.**
Oddviti lagði fram ráðningarsamning nýs sveitarstjóra. Sveitarstjóri vikur af fundi undir þessum lið. Hreppsnefnd samþykkir ráðningarsamninginn samhljóða.
- 2. **Rafrænt fundarboð og fundargögn til sveitarstjórnar.**
Oddviti kynnti tillögu um að boðun hreppsnefndarfundar og afhendingu fundargagna verði send með rafrænum hætti til hreppsnefndarmanna. Hreppsnefnd samþykkir að fundarboð og fundargögn verði send með rafrænum hætti til hreppsnefndarmanna.
- 3. **Tölvur til sveitarstjórnarmanna.**
Oddviti lagði fram tillögu um að keyptar verði fartölvur til aðalmanna í hreppsnefnd sem hreppsnefndarmenn eignist að kjörtímabili loknu. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna. Kostnaði vísað til endurskoðaðar fjárhagsáætlunar.
- 4. **Breytingar á samþykktum sveitarfélagsins: Seinni umræða.**
Oddviti lagði fram breytingar á samþykktum sveitarfélagsins til seinni umræðu. Breytingarnar eru: 1) Ferða-, menningar- og æskulýðsnefnd verði Ferða- og menninganefnd, kjörin þremur aðalmönnum og þremur til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til hreppsnefndar um ferða og menningarmál í Hrunamannahreppi. 2) Umhverfis- og samgöngunefnd verði Umhverfisnefnd, kjörin þremur aðalmönnum og þremur til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til hreppsnefndar um umhverfismál. 3) Samgöngumál falli beint undir sveitarstjórn. 4) Æskulýðsmál falli undir Fræðslunefnd og bætist því við texti í samþykktunum að fræðslunefnd fari jafnframt með æskulýðs- og íþróttamál. 5) Þá breytist 7. gr. samþykktanna þannig að reglulegir fundir sveitarstjórnar verði haldnir fyrsta fimmtudag hvers mánaðar. Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 14:00. Hreppsnefnd samþykkir ofangreindar breytingar.
- 5. **Kjör í kjörstjórn og skoðunarmenn sveitarfélagsins.**
Oddviti gerir eftirfarandi tillögu um kjör í kjörstjórn og skoðunarmenn sveitarfélagsins:
Kjörstjórn: Loftur Þorsteinsson, formaður, Rut Guðmundsdóttir og Guðríður S. Þórarinsdóttir.
Varamenn: Jóhanna Ingólfssdóttir, Kristinn Valgeirsson og Gunnlaugur Magnússon.
Skoðunarmenn sveitarfélagsins: Jórunn Lilja Andrésdóttir og Kristbjörg Kristinsdóttir.
Varamenn: Pálmar Þorgeirsson og Margrét Gunnarsdóttir.
Hreppsnefnd samþykkir ofangreinda tillögu.
- 6. **Friðlýsing Þjósárvera: Val í vinnuhóp.**
Oddviti lagði fram tillögu að Halldóra Hjörleifsdóttir verði fulltrúi Hrunamannahrepps í nefnd um Friðlýsingu Þjósárvera og Esther Guðjónsdóttir til vara. Sveitarstjórn samþykkir tillögunina.
- 7. **Skólahreysti: Beiðni um styrk.**

Oddviti kynnti umsókn um styrk að upphæð 50.000 krónur fyrir Skólahreysti. Hreppsnefnd samþykkir styrkbeiðnina.

8. **Stofnun Vigdísar Finnbogadóttir: Beiðni um styrk.**
Oddviti kynnti bréf þar sem óskað er eftir styrk til byggingar fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Hreppsnefnd hafnar erindinu.
9. **MAST: Ákvörðun um tilhögun og samræmingu á smalamennsku og slátrun fjár sem smithætta stafar af.**
Oddviti kynnti erindi frá MAST um reglur um fyrirkomulag við smalamennsku. Hreppsnefnd lýsir ánægju með þær breytingar sem gerðar hafa verið í framhaldi af tillögum Hrunamannahrepps að mestu leyti en getur hins vegar ekki fallist á 5. gr. að MAST eigi ekki að bera ábyrgð á slátrun fjár. Hreppsnefnd heldur því sig við fyrri samþykkt þann 8. júní s.l.
10. **Tónsmiðja Suðurlands. Beiðni samstarfssamning.**
Oddviti kynnti beiðni um samstarfssamning við Tónsmiðju Suðurlands. Hreppsnefnd hafnar erindinu en felur sveitarstjóra og formanni fræðslunefndar að athuga þörf á viðbót við tónlistarnám sem Tónlistarskóli Árneseinga getur ekki sinnt og hugsanlegan kostnað vegna þess með það í huga að Tónsmiðja Suðurlands geti sinnt þeim nemendum.
11. **Umferðaröryggismál á Flúðum.**
Sveitarstjóri fór yfir þau mál sem snúa að umferðaröryggismálum á Flúðum. Hreppsnefnd samþykkir að óskað verði eftir fundi með Vegagerðinni um umferðaröryggismál á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

12. **Veitustjórn: 1. fundur stjórnar frá 6. júlí s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar nýrrar veitustjórnar. Þar var m.a. fjallað um skýrslu veitustjóra um verkefni sumarsins, athugun með kaup á hitaveitu í Borgarási, sverun á vatnslögn á Langholtsfjalli, rannsóknir á afrétti Hrunamanna og borun vegna fiskeldis. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
13. **Landbúnaðarnefnd: 1. fundur nefndar frá 21. júlí s.l.**
Oddviti kynnti fundargerðina. Þar var m.a. gengið frá fjallskilum og raðað í leitir og lögð fram verkáætlun fyrir uppbyggingu Hrunaréttar. Hreppsnefnd telur að framkvæmd Heiðarsmölunar sé í höndum landeiganda og þeirra sem nýta svæðið til beitar. Hreppsnefnd leggur til að Sauðfjárræktarfélag Hrunamanna hafi yfirumsjón með endurbyggingu Hrunaréttar og lýsir ánægju með að settur verði upp miðjusteinn í almenningi laugardaginn 28. ágúst nk. Varðandi endurbætur á girðingum sem varðar réttirnar er þeim lið vísað til fjárhagsáætlunar 2011. Að öðru leyti samþykkir Hreppsnefnd fundargerðina.
14. **Umhverfis- og samgöngunefnd: 17. fundur nefndar frá 10. maí s.l.**
Oddviti kynnti 17. fund Umhverfis- og samgöngunefndar. Sorpmál, umferðaröryggi og önnur mál voru rædd vítt og breitt. Ákveðið var að veita Berghylsbúinu umhverfisverðlaun ársins. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árneseyslu og Flóahrepps.

15. **Félagspjónusta: 126. fundur félagsmálanefndar frá 8. júní s.l.**
Oddviti kynnti fundargerðir 126. fund félagsmálanefndar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
16. **Ársskýrsla Félagspjónustunnar 2009.**
Oddviti kynnti ársskýrslu Félagspjónustunnar fyrir síðasta ár. Hreppsnefnd þakkar félagsmálastjóra fyrir greinargóða skýrslu.

Önnur mál:

17. **Endurbætur við Helgaskála:**
Oddviti kynnti framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru við að koma upp salernisaðstöðu í Helgaskála. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að ræða við Ásæl um að sjá um framkvæmdina. Áætlaður heildarkostnaður er um kr. 1.000.000. Hreppsnefnd samþykkir að farið verði í framkvæmdina og vísar kostnaði til endurskoðaðar fjárhagsáætlunar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 127. stjórnarfundar 2. júní s.l. Fundargerð lögð fram.
- b. SASS: Fundargerð 434 stjórnarfundar 25. júní sl. Fundargerð lögð fram.
- c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 191. stjórnarfundar 29. júní s.l. Fundargerð lögð fram.
- d. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 293. stjórnarfundar 7. júlí s.l. Fundargerð lögð fram.
- e. **Kynningarmál:**
- f. Greinargerð frá Ísor: Borun hitastigulsholna í Bryðjuholti og Högnastöðum. Lagt fram til kynningar.
- g. Upplýsingar um álagningargrunn fasteignargjald vegna ársins 2011. Lagt fram til kynningar.
- h. Upplýsingar um samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um fjárhagslegar forsendur fyrir flutningi málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.
- i. Skipulagsstofnun: Athugasemdir vegna breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps. Lagt fram til kynningar.
- j. Umhverfissráðuneytið: Staða verkefnis um skilgreiningu á vegum innan miðhálandisvegum og aðgerðaráætlun umhverfissráðherra gegn utanvegsakstri. Lagt fram til kynningar.
- k. Umhverfisstofnun: Viðmiðunartaxtar vegna refa- og minkaveiði frá 1. sept. 2009 -31. ágúst 2010. Lagt fram til kynningar.
- l. Jöfnunarsjóður: Upplýsingar um endurgreiðslu á hluta tryggingagjalds. Lagt fram til kynningar.
- m. Afgreiðsla Skipulags- og byggingarfulltrúa á beiðni um endurbyggingu Hrunaréttu. Lagt fram til kynningar.
- n. Bréf frá Velferðarvaktinni. Lagt fram til kynningar.
- o. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 85. Fundar fulltrúaráðs 14. júlí. s.l. Lagt fram til kynningar.
- p. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 775. stjórnarfundar 25. júní sl. Lagt fram til kynningar.
- q. Grunnur. Fundargerð Grunns (félags stjórnenda á skólaskrifstofum) 6.-7. maí.s.l. Lagt fram til kynningar.
- r. Upplýsingar um ágóðahlut EBÍ. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- s. Landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri 29.sept.-1. okt. nk. Lagt fram til kynningar.
- t. Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga 10-11.sept. nk. Lagt fram til kynningar.
- u. Námskeið um lýðræði í sveitarfélögum 6. sept. nk. Lagt fram til kynningar.
- v. Ársþing SASS 13.-14. sept. nk. Lagt fram til kynningar.

Skýrsla á skrifstofu:

- 1. Ársskýrsla Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur 2008 og 2009.
- 2. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur: Alþjóðleg miðstöð tungumála.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16.40